

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík
Bréf þetta er aðeins sent rafrænt



Viðbrögð ÍS 47 við umsögnum vegna tilkynningar um 600 tonna aukning á eldi í Önundarfirði

ÍS 47 hefur sent inn tilkyningu um aukið eldi um 600 tonn af regnbogasilungi og / eða laxi í sjókvíum í Önundarfirði. Heildar eldismagn félagsins er því áætlað 2.500 tonn.

Skipulagsstofnun hefur leitað umsagna umsagnaraðila vegna tilkynningarinnar til ákvörðunar um matskyldu og hafa fjórar stofnanir, ásamt Ísafjarðarbæ sent inn umsögn um framkvæmdina ásamt athugasemdum. Ísafjarðarbær gerði ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Umsagnaraðilar sem sendu inn umsagnir:

- 10. júní 2024 – Umhverfisstofnun
- 12. júní 2024 – Hafrannsóknarstofnun
- 14. júní 2024 – Ísafjarðarbær
- 14. júní 2024 – Matvælastofnun
- 14. júní – 2024 – Náttúrufræðistofnun Íslands

ÍS 47 bregst við athugasemdum umsagnaraðila hér fyrir neðan.

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun (UST) sendi umsögn við tilkyningu ÍS 47 þann 10. Júní sl. 2024 og gerði sex athugasemdir eða ábendingar sem ÍS 47 bregst við hér fyrir neðan. Það er þó niðurstaða stofnunarinnar að „Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi varðandi aukna vöktun telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér verulega aukningu á umhverfisáhrifum og sé því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.“

UST – 1

Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna.

ÍS 47 mun halda áfram að vakta núverandi svæði ásamt framtíðarsvæðum eftir settum lögum og reglum sem og ákvæðum í gildandi starfsleyfum. Uppfærð vöktunaráætlun verður send Umhverfisstofnun við vinnslu nýs starfsleyfis til samþykktar.

UST – 2

Umhverfisstofnun vil benda á að meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á þau vatnshlot sem tengjast henni.

ÍS 47 hefur unnið áhrifamat á vatnshlot sem fyrirtækið er með starfsemi í fyrir 1.900 tonna eldi og hefur það mat þegar verið sent inn til samþykktar Umhverfisstofnunar. Fyrirtækið mun uppfæra áhrifamatið til 2.500 tonna og senda inn til Umhverfisstofnunar.

UST – 3

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gera betur grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst bregðast við ef fresta þarf útsetningu á svæði ef þau hafa ekki jafnað sig eftir hvíld.

ÍS 47:

Útsetning miðast við að svæði hafi verið hvíld í a.m.k. 3 mánuði og/eða því sem er uppgengið í starfsleyfi. Fyrirtækið ber fulla ábyrgð á að UST telji svæðið þola útsetningu og sem felst í því að seiði verða höfð lengur í landeðistöð ef þurfa þykir enda er sá möguleiki fyrir hendi þar sem útsetning miðast við seiði sem náð hafa >90 grömmum. Ef hinsvegar ástand svæðis er með þeim hætti að ekki sé talið líklegt að hægt verði að setja út seiði innan nokkurra mánaða þá mun fyrirtækið farga þeim fiski sem áætlað var að setja út (eða selja öðrum). Það er á ábyrgð fyrirtækisins.

UST – 4

Umhverfisstofnun vil einnig taka fram að breytingar á svæðum rúmist inna fyrirbyggjandi strandsæðisskipulags Vestfjarða fyrir reitina SN21 og SN22. Einnig þarf að liggja fyrir áhættumat siglingaöryggis fyrir öll svæði sem falla undir framkvæmdina ekki bara þau sem verið er að breyta. Rétt er að benda á að sjókvíar þurfa einnig byggingarleyfi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunin. Ekki er umfjöllun um þann þátt nema vísun í að byggingarleyfi þurfi vegna kvíanna.

ÍS 47 bendir á að breytingar svæðis hafa verið tilkynntar og búið er að afgreiða þær hjá Skipulagsstofnun. Sótt hefur verið um breytingar á eldisleyfum og er áhættumat siglingaöryggis í vinnslu.

Rétt er að umfjöllun um byggingarleyfi er engin enda ekki talin þörf á því að svo stöddu. ÍS 47 gerir sér grein fyrir að sækja þarf um byggingarleyfi á nýrri staðsetningu félagsins að Hundsa og mun gera það þegar ljóst er hvenær framkvæmdin getur hafist.

UST – 5

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að vöktunaráætlun framkvæmdaraðila verðu uppfærð til samræmis við fyrirætlanir og að hún liggji fyrir samhliða umsókn um breytingu á leyfi.

ÍS 47 mun senda inn uppfærða vöktunaráætlun til Umhverfisstofnunar til samþykktar.

UST – 6

Að mati Umhverfisstofnunar þurfa áhrifin á loftslag að vera sér matsþáttur í mati á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdina. Umhverfisstofnun getur því ekki tekið afstöðu til þess þáttar í umsögn sinni.

ÍS 47

Aukinn lífmassi um 600 tonn er ekki líklegur til að hafa umtalsverð aukin áhrif á loftslag umfram það eldismagn sem búið er að fjalla um og afgreiða hjá Skipulagsstofnun (samtals 1.900 tonn). Líklega mun þó draga úr útblæstri með kaupum á nýrri bátum, jafnvel hybrid sem og fóðrun frá hybrid fóðurpramma sem hægt verður að tengja við rafmagn í landi. Með auknum lífmassa skapast hagræðing í rekstri, aukinn hagvöxtur og með nýjum búnaði og betri nýtingu á honum munu loftslagáhrif verða minni.

Hafrannsóknarstofnun

Hafrannsóknarstofnun (Hafró) sendi umsögn við tilkynningu ÍS 47 þann 12. júní sl 2024 og gerði sex athugasemdir sem ÍS 47 bregst við hér fyrir neðan. Jafnframt telur stofnunin að „*ýmislegt sé óljóst í sambandi við framkvæmdina eins og rætt er að ofan. Telur stofnunin að gera þurfi betur grein fyrir framkvæmdinni, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum.*“ ÍS 47 er telur að ásamt neðangreindum viðbrögðum og greinagerð fyrirtæksins hafi verið gert grein fyrir því sem betur mátti fara að mati stofnunarinnar.

Hafró – 1

Bent er á að Arctic Sea Farm ehf. er með leyfi fyrir 200 tonnum í firðinum.

ÍS 47 vill fyrst og fremst benda á að þessi fullyrðing stofnunarinnar er ekki rétt. Rekstrarleyfi Arctic Sea Farm á heimasíðu Matvælastofnunar rann út 19. júlí 2021 eða fyrir rétt um 3 árum. Arctic Sea Farm hefur ekki verið með gilt starfsleyfi síðan 13. desember 2014 og lauk Umhverfisstofnun eftirfylgni vegna frávika starfsemi þess í nóvember árið 2018.

Hafró – 2

Bent er á að Öndarfjörður í heild sinni er ekki eitt eldissvæði. Eldissvæði eru svæði innan sjókvíaeldissvæða en ekki utan þeirra. Öndarfjörður er fjörður/vatnshlot en ekki eitt mjög stórt eldissvæði. Rétt skilgreining á eldissvæði er „svæði þar sem fiskeldi er leyft og afmarkað með sérstökum hnitum“.

ÍS 47: Hvergi segir í tilkynningu ÍS 47 að fjörðurinn sé eitt eldissvæði og lítur ÍS47 ekki á fjörðinn sem eitt eldissvæði. Það er þó ljóst að bæði í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 sem og samskiptum við hinar ýmsu stofnanir að óljóst er hvernig hugtökin eru notuð og skilgreind. Þá má einnig benda á að innan fjarðarins eru tvö vatnshlot.

Í reglugerð, bréfum og samskiptum við stofnanir eru þessi heiti á reiki og eldissvæði og sjókvíaeldissvæði notuð í mörgum tilfellum yfir það sama sem er oftast en ekki tilfellið í raun. Þó svo að vissulega er það sérstaklega tekið fram í orðskýringum í reglugerð um fiskeldi 540/2020 að eldissvæði séu afmörkuð með hnitum eru hnit vissulega notuð til að afmarka t.d. sjókvíaeldisstöðvar og sjókvíaeldissvæði. Þetta má t.d. sjá í 3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar um efni rekstrarleyfis en þar þarf að tilgreina hnit **sjókvíaeldisstöðva innan eldissvæða**. Það eru þó **sjókvíaeldissvæði** sem hafa verið skilgreind með hnitum í rekstrar- og starfsleyfum í lang flestum tilfellum. Þar á meðal rekstrarleyfi ÍS 47 í Öndarfirði nr. FE-1109 þar sem skilgreind eru tvö **sjókvíaeldissvæði** Valþjófsdalur (eldissvæði A) og Ingjaldssandur (eldissvæði B) (sem flytja á yfir á Hundsa).

Áætlað eldi og eldisáætlun ÍS47 samræmist því skilgreiningu á kynslóðaskiptu eldi eins og það er skilgreint í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Sjókvíaeldissvæðin eru tvö og innan þeirra eru tvö eldissvæði; eitt á hvoru sjókvíaeldissvæði. Vegna ofangreind var hugtakanotkun í tilkynningunni samræmd við hugtakanotkun í útgefnum leyfum og þeim fordæmum sem fyrir eru. Það er mat ÍS 47 að það ætti ekki að breyta neinu fyrir umhverfismat hvort sé notað hugtakið eldissvæði eða sjókvíaeldissvæði í umræddri tilkynningu þar sem að innan hvers sjókvíaeldissvæðis er aðeins eitt eldissvæði. Svo þegar t.d. er rætt um eldissvæðið Valþjófsdal er verið að tala um sjókvíaeldissvæði A og öfugt.

Hafró – 3

Ekki kemur fram í hvaða hlutföllum ala á regnbogasilung og lax m.t.t. þessara 2.500 tonna sem leyfið á að hljóða upp á. Fóðurnýting regnbogasilungs er 1,4 en 1,2 hjá laxi skv. framkvæmdaraðila. Burðarþolslíkanið gerir ráð fyrir fóðurnýtingu upp á 1,18 sem er sú tala sem gefin er upp í matsskýrslum vegna laxeldis almennt.

ÍS 47: Algengt að eldisfyrirtæki séu með leyfi til eldis á fleiri en einni tegund til að geta skipt um eldistegund ef markaðsaðstæður krefjist þess. Einnig er það viss öryggisventill fyrir laxeldisfyrirtæki á Íslandi að vera með leyfi fyrir regnboga, ófrjóum laxi og/eða öðrum tegundum ef t.d. áhættumati er breytt í firðinum sem eldi er stundað. Það gerir að verkum að hægt er að nýta leyfið áfram en eldisfyrirtæki hafa að jafnaði lagt í mikla fjárfestingu í búnaði sem óþarfi er að liggi ónotaður.

Það eru því ekki áætlanir að ala báðar tegundir á sama tímapunkti og er settur fram fódurstuðull fyrir regnboga í fyrirspurn ÍS 47 þar sem að hann er hærri. Vel er þekkt að fódurstuðull fyrir regnbogasilung er hærri en fyrir lax. ÍS 47 þekkir núverandi fódurstuðul í eldi sínu á regnbogasilung og er það sá fódurstuðull sem stuðst er við í tilkynningu félagsins. ÍS 47 stefnir þó að því að lækka fódurstuðulinn þegar lífmassa aukning næst í gegn og fódurprammi ásamt myndavélakerfi verður tekið í gagnið til að stjórna fódrun enn betur.

Það að Hafrannsóknarstofnun hafi unnið burðarþolsmat út frá fódurstuðli úr matsskýrslum tveggja laxeldisfyrirtækja sem tilgreina stuðulinn 1,18 fyrir lax, sem er vissulega hægt en yfirleitt er talað um 1,2 fyrir lax eru þetta markmið fyrirtækjanna og meðaltöl. Eðlilegra væri að byggja mat á rauntölum. Burðarþolsmat er mat á lífmassa sem er hægt að ala t.d. í tilteknum firði og á ekki að skilgreinast út frá einni eldistegund þó hún sé vissulega algengust á tímapunkti líkanakeyrslna.

Þá eru starfsleyfi eldisfyrirtækja gefin út með skilyrði um magn næringarefna sem má losa í umhverfið en magnið sveiflast ár hvert með lífmassa. Þegar litið er á útstreymis-og grænt bókhald laxeldisfyrirtækja í sjó má ekki sjá betur en að þau hafa verið langt frá þeim mörkum sem þeim er gefið þó svo að þau hafi vissulega í mörgum tilfellum farið yfir fódurstuðlinum 1,2 og jafnvel nálægt 1,3.

Það sem Hafrannsóknarstofnun vitnar til varðandi fódurstuðul:

„Tölur miðast við hámarkslífmassa fiska við slátrun, en með fódurstuðul 1,18 er heildarfóðurmagn um 17.000 tonn yfir eldistímabil viðkomandi fiska (um 2 – 3 ár) í þessu dæmi. Við þriggja kynslóða eldi eins og Arnarlax gerir ráð fyrir í Arnarfirði (Verkís, 2019), er árlegt fóðurmagn einnig áætlað um 17.000 tonn“ (Andreas Macrander og Sólveig Rósa Ólafsdóttir, 2023)

Augljóslega er hér verið að notast við mjög einfaldaða mynd af eldisferlinu. Það er fljótséð á umhverfismatsskýrslum sem og rauntölum frá eldisfyrirtækjum að hámarkslífmassa er sjaldan náð að fullu og stendur slíkt ástand yfir í mjög stuttan tíma (sjá t.d. á Mælaborði Fiskeldis á heimasíðu Matvælastofnunar). Hámarks lífmassi er eðli máls samkvæmt ástand sem varir aðeins í stuttan tíma, enda hefst slátrun þá og er fódrun auk þess hætt. Allri kynslóðinni er slátrað og lækkar lífmassi svæða því hraðar en sú lífmassaukning sem næsta kynslóð leggur til.

En þar sem að Hafrannsóknarstofnun hefur reiknað með mun meiri fóðurmagni og töluvert stöðugri fódurnotkun en raunin er, án tilliti til árstíðar eða eðlilegra breytum er varðar fódurgjöf má leiða að því líkum að burðarþolsmat stofnunarinnar sé nokkuð lægra en ef það væri byggt á rauntölum.

Það er því ljóst að miðað við ofangreint ætti núverandi fódurstuðull ÍS 47 ekki að valda áhyggjum.

Hafró – 4

Skilgreina þarf hversu mikið af kolefni, nitri og fosfati mun berast í umhverfið (uppleyst og fast form) sem fódurleifar og sem útskilnaður frá fiskum til þess að geta metið umhverfisáhrif eldisins ef ala á regnbogasilung. Mögulega verður álagið á vatnshlotið meira en ásættanlegt er skv. burðarþoli ef regnbogasilungur er alinn þar sem 2.500 tonn miðað við ef lax væri alinn þar í sama magni. Þetta er atriði sem þarf að skoða á síðari stigum mats á framkvæmdinni

ÍS 47 bendir Hafrannsóknarstofnuna að lesa kafla 7 í tilkynningunni. Er þar útreiknuð næringarefni sem áætlað er að berist í heildina út frá eldi á 2500 tonnum.

Hafró – 5

ÍS47 hyggst flytja eldissvæði sitt á Ingjaldssandi yfir á Hundsa. Vegna strauma í Önundarfirði (öfugir miðað við aðra firði) eru líkur á að lífrænt efni frá nýju svæði berist inn fjörðinn í stað þess að berast út úr honum eins og búast mætti við væri eldið á Ingjaldssandi. Þetta er einnig atriði sem þarf að skoða betur m.t.t. álags á vatnshlotið.

ÍS 47 bendir fyrst og fremst á að tilfærsla á eldissvæðinu hefur verið afgreidd af Skipulagsstofnun og er ekki verið að meta það aftur hér. Eldisleyfi varðandi breytinguna hafa þó ekki verið gefin út enn. Umrædd tilfærsla fór til Hafrannsóknarstofnunar til umsagnar í október 2022. Hafrannsóknarstofnun sendi umsögn þar sem þessar athugasemdir komu hvergi fram. Athygli vekur að stofnunin hafi ekki komið með þessa athugasemd á þeim tímapunkti en sami starfsmaður skrifar undir báðar umsagnir, þ.e. varðandi tilfærsluna árið 2022 og nú, tveimur áruð síðar vegna lífmassa aukningar um 600 tonn.

ÍS 47 vill þó engu að síður benda á að ekki er hægt að halda því fram að straumar í Önundarfirði séu "öfugir miðað við aðra firði" heldur eins og segir í texta í burðarþolsmati stofnunarinnar að „mikill breytileiki sé í straumstefnu á straumsjár mælistöðvum og að hringrás í firðinum sé óregluleg“ (Hafrannsóknarstofnun 2022). Þá segir einnig að vindar hafi mikil áhrif á strauma sem fylgir útfæði sunnavert oft sterkum norðaustan vindáttum. Einnig má benda á fyrri straummælingar Náttúrustofu Vestfjarðar þar sem skýr straumur mældist inn fjörðinn sunnanverðan, eins og í öðrum fjörðum (Böðvar Þórisson, 2013).

Hafró – 6

Fjallað er almennt um laxalús en ekki um þann skaða sem hún hefur valdið á Vestfjörðum undanfarið og þá sérstaklega árið 2023. Mikilvægt er að gert sé grein fyrir slíkum atburðum þar sem þeir geta endurtekið sig og þá mögulega haft áhrif á eldi ÍS47 líkt og eldi annara á svæðinu. Hafa þarf skýrar mótvægisáðgerðir gegn lúsinni sem hefur verið mjög mikið vandamál eins og fyrr segir. Þá er mögulegt að grípa þurfi til lyfjameðhandlana og þeim fylgja neikvæð umhverfisáhrif á villt krabbadýr, m.a. rækju. Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum af lús, mótvægisáðgerðum, hvernig fyrirtækið hyggst taka á vandanum komi hann upp og hvaða umhverfisáhrif eru af notkun lyfja á umhverfið.

ÍS 47: Rétt er það að fjallað er almennt um laxalús og ekki um þann skaða sem hún hefur valdið hjá öðrum fyrirtækjum í öðrum fjörðum sem ala lax. Það er tekið fram að lúsinn hefur ekki valdið vanda og varla fundist á regnbogasilungi í eldi í sjó á Íslandi. ÍS 47 tekur þó undir þessa athugasemd hjá Hafrannsóknarstofnun og hefur unnið vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun er varðar lús samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr 540/2020 sem skilað verður inn til Matvælastofnunar til samráðs og samþykkis með umsókn um breytt rekstrarleyfi.

Matvælastofnun

Matvælastofnun (Mast) sendi umsögn við tilkynningu ÍS 47 þann 14. júní sl 2024 og gerði 16 athugasemdir sem ÍS 47 bregst við hér fyrir neðan. Jafnframt telur stofnunin að „margt sé óljóst í sambandi við framkvæmdina. Telur stofnunin að gera þurfi betur grein fyrir framkvæmdinni, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum. Matvælastofnun telur að ástæða sé til að farið verið fram á umhverfismat.“ ÍS 47 er ósammála þessari fullyrðingu stofnunarinnar og telur umhverfismat ekki bæta við framkomnar upplýsingar sem finna má í tilkynningu fyrirtæksins sem og viðbrögðum þess við athugasemdun stofnunarinnar.

Mast – 1

Bent er á að samkvæmt gildandi rekstrarleyfi hefur ÍS 47 ehf. heimild til að ala regnbogasilung og þorsk í Önundarfirði. Árið 2022 lagði ÍS 47 inn umsókn um tegundabreytingu yfir í regnbogasilung og lax. Umrædd umsókn er enn í málsmeðferð hjá Matvælastofnun.

ÍS 47: Bendir á að umrædd umsókn hefur verið í málsmeðferð hjá stofnuninni frá árinu 2022. Þann 15. desember 2023 auglýsti MAST tillögu að breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 þannig að leyfið næði til regnbogasilungs og frjós lax. Leyfið hefur ekki enn verið gefið út þar sem beðið er þess að vinnu við áhættumat siglinga ljúki en það mat er á lokastigi.

Mast – 2.

Bent er á að Arctic Sea Farm hafði heimild til að ala 200 tonn í firðinum. Umrætt rekstrarleyfi Arctic Sea Farm er útrunnið en Matvælastofnun vinnur að endurnýjun leyfisins.

ÍS 47 furðar sig á þessari athugasemd. Rekstrarleyfi Arctic Sea Farm rann út 19. júlí 2021 eða fyrir nær þremur árum og fyrirtækið hefur ekki alið fisk í Önundarfirði síðan árið 2014. Starfsleyfi Arctic Sea Farm í Önundarfirði rann út 4. júní 2022. Það verður að teljast mjög óeðlilegt að Matvælastofnun sé enn að vinna að endurnýjun leyfis sem hefur ekki verið nýtt á tíunda ár og rann út fyrir 2-3 árum. ÍS 47 hefur hins vegar stundað eldi í firðinum á þessum tíma og hefur óskað eftir gögnum varðandi umrædda endurnýjun leyfis Arctic Sea Farm en ekki borist svör.

ÍS 47 hefur auk þess vitneskju um það að MAST hafi nú þegar hafnað endurútgáfu á þessu leyfi. Það er furðulegt að setja svona fram í umsögn og leggja ekki meiri vinnu í málið annað en að „afrita og líma“ texta úr eldri umsögnum MAST sem og umsögnum annarra umsagnaraðila.

Mast – 3

Í kafli 2.7 er fjallað um að helstu varúðarráðstafanir gagnvart hafis séu að draga sjókvíar inn í hafnir og hefja neyðarslátrun á öllum fiski sem kominn er í söluhafar stærðir. Matvælastofnun bendir á að fjalla þarf um hvernig farga eigi fiski sem ekki er komin upp í sláturstærð við slíkar aðstæður.

ÍS 47 vinnur nú þegar að gerð samnings við viðurkennt fyrirtæki (Arctic Proein) til að taka við dauðfiski. Viðbragðsáætlun er varðar neyðarslátrun má finna í gæðahandbók ÍS 47 sem samþykkt hefur verið af Umhverfisstofnun.

Mast – 4

Minnt er á að fyrirhugaður eldisbúnaður þarf að standast þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð nr. 540/2020 samkvæmt norska staðlinum NS 9415:2009 um fiskeldi.

ÍS 47 Eins og greint er frá á bls. 11 í greinagerð ÍS 47.

Mast – 5

Í kafli 5 kemur fram að innan eldissvæðisins verði í notkun tvö sjókvíaeldissvæði. Matvælastofnun bendir á skilgreiningar á sjókvíaeldissvæði og eldissvæði í reglugerð nr. 540/2020. Skýra þarf þennan þátt betur

ÍS 47 þakkar ábendinguna en þar átti að sjálfssögðu að standa "Innan eldissvæða verða sitt hvort sjókvíaeldissvæði".

Að öðru leiti sjá svar við athugasemd Hafró - 2.

Mast – 6

Matvælastofnun gerir athugasemd við það að áætlanir geri ekki ráð fyrir að fjörðurinn allur sé eitt sjókvíaeldissvæði heldur er stefnt að því að hafa sitthvora kynslóðina á eldissvæðunum tveimur. Þetta verður til þess að fjörðurinn verður aldrei tómur af fiski og ekki hvíldur í heild sinni. Eins og fram

kemur í tilkynningu er fjörðurinn bæði tiltölulega mjór (2-6 km breiður) og grunnur (20-30m) og eftir flutning á eldissvæðinu Ingjaldssandi yfir á Hundsa verða um 3 km á milli eldissvæðanna. Í nýju lagafrumvarpi sem hefur verið lagt fyrir Alþingi eru skilgreind smitvarnarsvæði. Minni firðir eins og Önundarfjörður eru skilgreindir sem eitt smitvarnarsvæði. Það þýðir að útsetningar og hvíld eldissvæða innan smitvarnarsvæða verða samræmd. Aðskilnaður kynslóða með hvíld fjarðarins skilar sér í bættum smitvörnum og er einnig mikilvægur liður í baráttunni við lús.

ÍS 47 bendir Matvælastofnun á eigin orðanotkun t.d. í rekstrarleyfum, en hvergi eru firðir skilgreindir sem eitt sjókvíaeldissvæði virðist vera. Einnig að sama á við um aðra firði þar sem að skilgreind eru á rekstrarleyfum, sjá t.d. leyfi í Dýrafirði. Það er þó ekki loku fyrir það skotið að hægt sé að hvíla fjörðurinn í heild með góðu skipulagi sem ÍS 47 hefur vitneskju um að gert hafi verið í Dýrafirði.

ÍS 47 sér ekki ástæðu til að bregðast við athugsemdum sem unnar eru eftir lagafrumvarpi sem ekki hefur farið í gegn um Alþingi og eru því ekki gild lög. Frumvarpið getur enn tekið breytingum og matskyldufyrirspurn ÍS 47 skal afgreiða eftir lögum sem eru í gildi þegar hún er send inn.

Mast – 7

Í kafla 5.2 er fjallað um flutning á eldisfiski og þar einungis nefnt hvernig seiðin eru flutt á landi í flutningstönkum en ekki í kvíar. Matvælastofnun telur að þetta þurfi að skilgreina betur.

ÍS 47: Þegar nauðsynlegt er að flytja fisk landleiðina til Önundarfjarðar verður honum dælt um borð í brunnbát í höfninni á Flateyri og fluttur þannig að kvíum þar sem honum er dælt í kvíar. Verði möguleiki að koma brunnbáti að seiðaeldisstöðum fyrirtækisins í framtíðinni munu seiði verða flutt alla leið í brunnbát.

Mast – 8

Ekki er fjallað um hvernig ÍS 47 hyggist svipta fiskinn meðvitund en fjallað er aflifun fiska í 12. gr. reglugerðar nr. 300/2018. Jafnframt kemur fram að blóði sé safnað í kar um borð í bát en ekki hvað verði gert við blóðvatnið. Matvælastofnun telur að skilgreina þurfi þennan þátt nánar, m.t.t smitvarna.

ÍS 47: eru þetta aðferðir sem ÍS 47 hefur notað í eldi sínu hingað til enda um litla framleiðslu að ræða og rétt hjá Matvælastofnun að skilgreina þurfi þennan þátt betur með hærri lífmassa. ÍS 47 er nú í samningaviðræðum við fyrirtæki sem taka að sér slátrun eldisfisks og mun þá slátrun fara fram hjá aðilum með gilt starfsleyfi Matvælastofnunar.

Mast – 9

Í kafla 6 er fjallað um fódur og fódurnýtingu. Þar kemur fram að kaupa eigi einn fódurpramma en þó er ljóst samkvæmt eldisferli að fiskur verður á tveimur eldissvæðum. Gera þarf grein fyrir því hvernig fiskur verður fódraður á því svæði þar sem enginn fódurprammur á að vera

ÍS 47: Fóðrun á því eldissvæði sem ekki hefur fódurpramma mun fara fram með handfóðrun frá vinnubátum sem og fódurbyssum. Ávalt þarf að handfóðra seiði fyrst við útsetningu og mun fóðrun fara fram þannig og mögulega með fódurbyssum, allt eftir þeirri stærð sem fiskur nær áður en slátrun líkur á eldri kynslóð svo hægt sé að þrifa og flytja pramma á nýja staðsetningu.

Mast – 10

Í kafla 7.2 um dauðfisk kemur fram að dauðum fiski verði safnað og honum fargað samkvæmt samningi við viðurkennda aðila. Matvælastofnun bendir á að koma þurfi fram hvaða aðili taki við dauðfiski og að sýna verði fram á að sá aðili hafi tilskilin leyfi til móttöku og vinnslu á slíkri vöru.

ÍS 47: unnið er að gerð samnings við Arctic Prótein er varðar dauðfisk.

Mast – 11

Í kafla 10.1 um sjúkdóma og lýs kemur fram að ekki hafi komið upp lús í regnbogaeldi ÍS 47 ehf. Matvælastofnun bendir á að fyrirtækið hafi ekki framkvæmt lúsatalningar eins og reglugerð nr. 540/2020 gerir ráð fyrir fyrir en árið 2024. Stofnunin telur að skilgreina verði betur hvernig fyrirtækið hyggst fyrirbyggja lúsasmit og einnig hvernig það hyggst meðhöndla við lús, komi þær aðstæður upp.

ÍS 47: Sjá svar við athugasemd Hafró - 6.

Mast – 12

Í kafla 10.2 um bakteríur og veirusjúkdóma kemur fram að fiskurinn í Önundarfirði verði bólusettur, vöktun á sjúkdómum verði viðhöfð af dýralækni og hrogn tekin frá sjúkdómaskimuðum foreldrafiski. Skýra þarf betur hvernig smitvörnum verði háttað á milli svæðanna. Einnig þarf að útskýra betur hvernig fyrirtækið mun bregðast við ef tilkynningarskyldur sjúkdómur greinist á eldissvæði og farga/slátra þurfi miklu magni af fisk á skömmum tíma þar sem taka þurfi tillit til smitvarna.

ÍS 47: Enginn samgangur verður milli svæða, þá verða sér áhafnir og vinnubátar fyrir hvort svæði sem og aðskildar stakkageymslur í landi.

Tilkynningaskyldir sjúkdómar verða tilkynntir til Matvælastofnunar og viðbrögð við þeim unnin í samráði við stofnuna sem og Umhverfisstofnun ef við á. Sjá frekar í gæðahandbók ÍS 47 undir viðbragðsáætlanir – neyðarslátrun, kafli 8.7 á bls. 32 (Gæðahandbók ÍS 47).

Mast- 13

Matvælastofnun tekur fram að breytingar sem boðaðar eru á svæðum rúmast innan reita SN21 og SN22 eins og þeir eru skilgreindir í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Bent er á að áhættumat siglinga þarf að liggja fyrir öll svæði sem falla undir framkvæmdina ekki bara þau sem verið er að breyta.

ÍS 47: Sjá svar við athugasemd UST – 4

Mast- 14

Sjókvíar þurfa byggingarleyfi frá Húsbæðis- og mannvirkjastofnun en ekki er fjallað um þann þátt í greinargerð.

ÍS 47: Sjá svar við athugasemd UST – 4

Mast – 15

Matvælastofnun vill koma því á framfæri varðandi framkvæmdina að stofnunin hefur ekki heimild til þess að gefa út leyfi fyrir auknum lífmassa enda eigi hann að verða boðinn út og varðandi færslu eldissvæðis þá þarf aðkomu Hafrannsóknastofnunar sem fer með skiptingu eldissvæða.

ÍS 47

Gera verður athugasemdir vegna þeirrar fullyrðingar í umsögn MAST að stofnunin hafi "ekki heimild til þess að gefa út leyfi fyrir auknum lífmassa enda eigi hann að vera boðinn út...". Í fyrsta lagi er rétt að benda á að á umrætt álitaefni er á verksviði MAST sem ber að taka ákvörðun um þetta atriði þegar umsókn um rekstrarleyfi er tekið til meðferðar hjá stofnuninni. Þetta atriði kemur hins vegar ekki til athugunar hjá Skipulagsstofnun í því umhverfismatsferli sem hafið er með tilkynningu um framkvæmd. Í því samhengi er vísað til máls nr. 102/2021 hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar lagt var fyrir Skipulagsstofnun að taka til afgreiðslu matsáætlun Hábrúnar þrátt fyrir að Skipulagsstofnun teldi ekki lagalegar forsendur fyrir útgáfu rekstrarleyfis. Í úrskurðinum er bent á að "Skipulagsstofnun ekki verið falið sérstakt hlutverk skv. lögum nr. 71/2008, hvorki við meðferð og afgreiðslu umsókna...". Í annan stað telur ÍS47 efni til þess að gera athugasemdir við lögfræðilegar forsendur fullyrðingar í umsögn MAST um framangreint atriði, en umfjöllun um þann þátt hefur enga þýðingu nú við málsmeðferð þessa hjá Skipulagsstofnun. En slík lagasjónarmið koma til skoðunar þegar MAST metur umsókn um rekstrarleyfi vegna aukins lífmassa skv. lögum nr. 71/2008, eftir að

fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd sé ekki matskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) sendi umsögn við tilkynningu ÍS 47 þann 14. júní sl 2024 og gerði fjórar athugasemdir sem ÍS 47 bregst við hér fyrir neðan.

NÍ – 1

Það er almenn afstaða Náttúrufræðistofnunar að forðast ætti eldi á frjóum laxi af framandi kynbættum stofni í sjókvíum. Staðsetning eldissvæða í Önunarfirði er vissulega utan fjarlægðarmarka sem sett eru til viðmunar í áhættumati Hafrannsóknarstofnunar á erfðablöndun, og samkvæmt greinargerð ÍS 47 ehf. hefur fiskur ekki sloppið úr eldi. Stofnunin telur engu að síður að í tegundabreytingunni felist áhætta og að eldi með frjóum framandi tegundum eigi að vera í lokuðum kerfum.....

ÍS 47: Afstaða stofnunarinnar á starfsemi sem er lögleg á Íslandi er matskyldufyrirspurn ÍS 47 óviðkomandi. ÍS 47 bendir einnig á að ekki er verið að óska eftir tegundabreytingu í tilkynningunni en tegundabreytingin hefur þegar verið afgreidd af Skipulagsstofnun.

NÍ – 2

Mikilvægt er að vöktunaráætlun sé uppfærð með tilliti til þessarar aukningar..... Þar sem svæðið við Valþjófsdal er staðsett innar í firðinum þar sem er grynna og minni straumur, þarf að fara sérstaklega varlega við að framkvæma aukningu á eldi þar.....

ÍS 47: Uppfærð vöktunaráætlun verður send inn til Umhverfisstofnunar til samþykktar.

NÍ – 3

... Ekkert er fjallað um hvernig aukning og færsla á nýtt eldissvæði mun hafa áhrif á ásýnd og landslag eða á annað lífríki t.d. fuglalíf og sjávarspendýr. Með fjölgun sjókvía í Önunarfirði er hætta á aukinni truflun t.d. vegna ljós- og hljóðmengunar, umferðar báta við sjókvíarnar o.fl. sem geta haft áhrif á ásýnd og truflað dýralíf.” Krafa um bættu vöktun og eftirlit er því lykilatriði.

ÍS 47: Eins og áður segir hefur færsla á svæði þegar verið tekin fyrir í annari tilkynningu. Einungis er verið að fjalla um lífmassa aukningu um 600 tonn. Ekki mun verða þörf á auknum kvíum og ljós- og hljóðmengun mun ekki aukast né umferð báta.

NÍ – 4

Í vöktunaráætlun kemur fram að grunnsýnataka við Hundsá hafi farið fram í desember 2022, ekki er þó greint frá niðurstöðum um t.d. botndýralíf svæðisins.

ÍS 47: Grunnsýnataka hefur farið fram og er hún liður í vöktun á svæðinu, þ.e. grunnsýnataka er notuð til að sjá hvort eldið hafi áhrif en til þess er nauðsynlegt að þekkja grunnástand. Það þótti því óþarft að greina frá niðurstöðum að svo stöddu.

Niðurstöður grunnsýnatöku við Hundsá:

„Botngerð eldissvæðisins er grófur sandur með hátt hlutfall af skeljasandi. Botngerð og lítið magn dýra bendir til að mikil hreyfing sé á botni og sem gerir hann mjög fýsilegan kost fyrir fiskeldi. Hundsá ber með sér að þar getur verið hreyfing á sjónum og því ætti svæðið að henta vel til fiskeldis út frá umhverfissjónarmiðum.“

Heimildir:

Andreas Macrander og Sólveig Rósa Ólafsdóttir. 2023. Mat á burðarþoli Arnarfjarðar – lýsing á líkani og mati á áhrifum sjókvíaldis á súrefni og næringarefni / Carrying capacity of Arnarfjörður – modellind and assessment of impacts of aquaculture on oxygen and nutrient budget. Hafrannsóknarstofnun febrúar 2023 HV 2023-92 ISSN 2298-9137.

Böðvar Þórisson. 2013. Straummælingar út af Mosdal í Önundarfirði 2013. Unnið fyrir ÍS 47. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 19-13.

Hafrannsóknarstofnun 2022. Mat á burðarþoli Önundarfjarðar m.t.t. sjókvíaldis. Endurútféið febrúar 2022.

Þorleifur Eiríksson, Sigurður Ívar Jónsson og Þorleifur Ágútsson. 2023. Botndýralíf við Hundsá í Önundarfirði. RORUM 2023 004.